

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

Reykjavík, 10. nóvember 2005

TILVÍSUN

2005100421
G-ums 05/05

Umsögn um 179. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald.

Í bréfi dagsettu 26. október 2005 óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald, 179 mál. Fer hún hér á eftir.

Með a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að felld verði brott efnisregla varðandi ákvörðun gjaldstofns úrvinnslugjalds við tiltekna aðstæður og jafnframt lagt til að ráðherra verði falið að setja efnisreglur í hennar stað með reglugerð. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að gerð slíkra efnisreglna sé á lokastigi innan stjórnvöldum. Í ljósi takmarkana 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar á heimild til að fela stjórnvöldum ákvörðun um skattlagningu, er umhugsunarvert hvort setja beri í lagaákvæði efnislegan ramma umræddra reglna. Ríkisskattstjóri hefur ekki fram að færa beina tillögu í þeim efnum, enda ekki kunnar þær reglur sem unnið er að innan stjórnvöldum og vísað er til í athugasemdum við frumvarpið.

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til lækkun úrvinnslugjalds á hjólbarða. Af athugasemdum við frumvarpið má ráða að tillagan sé í samræmi við þá grunnreglu um ákvörðun gjaldfjárhæða sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. laganna nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.

Ríkisskattstjóri hefur ekki frekari athugasemdir fram að færa um efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún Þorleifsdóttir


Sigurjón Högnason